

og samþykkist hjer með, að skuldin til landssjóðsins verði endurborguð með 50 kr. árlega.

107

17. sept.

Þetta er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtningar fyrir hlutaðeigöndum.

— **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um handrita- og bókasafn Jóns sál. Sigurðssonar.** — Jafnframt því að vísa til brjefs ráðgjafans frá 29. júlí f. á. (stj.tíð. 1880 B. Nr. 126.) viðvíkjandi bóka- og handritasafni Jóns sál. Sigurðssonar, er keypt hefir verið 22. sept.

á kostnað landssjóðs, og sem til bráðabirgða hefir verið geymt í kössum á dómkirkju-loptinu, vil jeg, eptir að alþingi hefir verið gefið tækifæri til að láta í ljósi álit sitt um málið, samkvæmt því, sem segir í ofan nefndu brjefi, hjer með þjónustusamlega skora á stiptsyfirvöldin að hlutast til um, að stjórn stiptisbókasafnsins eða landsbókasafnsins veiti ofan nefndu safni viðtöku svo fljótt sem unnt er. Bókunum er raðað niður í 43 kassa og fylgja hjer með 35 sundurliðaðar skrár yfir þær bækur og handrit, sem voru send hingað með brjefum ráðgjafans frá 3. marz f. á. (9 kassar), 16. apríl s. á. (18 kassar) og 27. maí s. á. (12 kassar) í samtals 39 kössum, svo og einnig 2 sundurliðaðar skrár yfir bækur þær og handrit (í 4 kössum), er getur um í brjefi ráðgjafans frá 6. nóvbr. f. á., sem hjer með fylgir eptirrit eptir; enn fremur fylgir bókaskrá sú, sem getur um í brjefi þessu, svo og sjerstakur böggull innihaldandi handritin Nr. 414, 415 og 416; þá fylgir einnig skrá yfir handrit þau, safninu tilheyrandi, er Árna Magnússonar nefndin og meðlimir hennar, Svend Grundtvig prófessor og Vilhjálmur Finsen hæstarjettarassessor, sem stendur hafa að láni.

Enn fremur fylgir skjalaböggull, sem fundizt hefir í nefndu safni, og var hann sendur mjer með framannefndu ráðgjafabrjefi frá 27. maí f. á.

Sömuleiðis læt jeg fylgja, um leið og jeg vísa til brjefs ráðgjafans frá 3. júlí 1878 (Stj.tíð. 1878 B. Nr. 112) eptirrit það, sem getur um í brjefi þessu eptir afhendingarskjali því fyrir safninu, sem gefið hefir verið út 12. júní 1878, og yfirlýsingu ráðgjafans fyrir Ísland frá sama degi, svo og skrá yfir handritasafn Jóns Árnasonar, sem hjer er, og sem var afhent stiptsbókasafninu 14. júlí 1878, ásamt með skýrslu Jóns Árnasonar dags. 15. jan. 1879 um bindi þau, sem vanta.

Að endingu læt jeg fylgja eptirrit eptir brjefi frá 4. júlí þ. á.; og þar sem Árna Magnússonar nefndin fer fram á það við ráðgjafann fyrir Ísland, að nokkrir ekstraktseðlar, tilheyrandi skrásetningunni (Registreringen) yfir Árna Magnússonar safnið og snertandi skjalaeptirrit viðvíkjandi Íslandi, og sem að líkindum hafi verið sendir hingað með handritasafni Jóns Sigurðssonar, en sem tilheyri Árna Magnússonar safninu, þar eð skrásetningin hafi heyrt til þeirra starfa, er Jóni Sigurðssyni hafi verið falin sem skrifara tjeðrar nefndar, og hafi hann þar að auki fengið talsverða aukabóknun fyrir vinnu þessa — verði teknir úr handritasafninu og sendir nefndinni.

Út af þessu vil jeg, samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 9. júlí þ. á., hjer með skora á stiptsyfirvöldin að leggja fyrir forstöðunefnd stiptisbókasafnsins að taka ekstraktseðla þessa úr hinu umgetna handritasafni, ef þeir kynnu að finnast í því, og senda þá hingað ásamt tjeðu brjefi nefndarinnar frá 4. júlí þ. á. með meðfylgjandi 3 ekstraktseðlum, sem hjer með sendast til leiðbeiningar.

Fyrir móttöku nefnds bóka- og handritasafns bið jeg mjer senda þóknanlega kvittun stiptisbókasafnsstjórnarinnar.